

# INNKAUPAREGLUR BORGARBYGGÐAR

## I. kafli

### Tilgangur, gildissvið og ábyrgð

#### 1. gr.

##### Tilgangur

Reglur þessar eru settar til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum Borgarbyggðar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Borgarbyggð kaupir. Reglurnar skulu jafnframt stuðla að því að litið sé til umhverfissjónarmiða og líftíma vöru við innkaup.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að Borgarbyggð hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnslá á sviði innkaupa sé vönduð.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanleika í framkvæmd, gagnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup.

Áhersla er lögð á góð samskipti við birgja, m.a. með það að markmiði að finna nýjar lausnir sem geta leyst betur þarfir sveitarfélagsins á hagkvæman hátt.

**Innkauparáð** skal hafa frumkvæði að því að samræma innkaup Borgarbyggðar þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir Borgarbyggðar hafa almennt not fyrir. Áður en innkaup eru gerð skal þörfin vandlega yfirfarin út frá sjónarmiðum notenda.

#### 2. gr.

##### Orðskýringar

**Innkaup:** Kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.

**Útboð:** Innkaupaferli þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð. Undir hugtakið útboð falla heiti þar sem lýst er því sem boðið er út eins og þjónustuútboð, verkútboð, vöruútboð en einnig heiti eins og alútboð, samkeppni, hönnunarsamkeppni, tveggja áfanga keppni og útboð með tveggja umslaga kerfi. Forval er hluti útboðsferils.

#### 3. gr.

##### Gildissvið og ábyrgð

Reglur þessar gilda fyrir Borgarbyggð.

Reglur þessar gilda fyrir Borgarbyggð og allar stofnanir, svið og deildir sem rekin eru af sveitarfélaginu, sbr. ákvæði í lögum um opinber innkaup. Reglurnar taka ekki til fyrirtækja í eigu Borgarbyggðar, samtaka eða samlaga sem sveitarfélagið á aðild að með öðrum sveitarfélögum, þó að lög um opinber innkaup nr. 84/2007 geti gilt um þau, sbr. 3. gr. laganna.

Innkaupareglum Borgarbyggðar skal fylgt við öll stærri innkaup, undir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins sem í gildi eru hverju sinni. Við innkaup skal jafnframt fylgt lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, sem og öðrum lögum sem kunna að vera sett og ná til sveitarfélaga.

Reglurnar gilda ekki þegar áætluð samningsfjárhæð innkaupa er yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins því þá skal viðhafa útboð á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við áskilnað laga um opinber innkaup nr. 84/2007 og reglna sem settar eru á grunni þeirra.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á innkaupum sveitarfélagsins. Hvert svið, deildir og stofnanir Borgarbyggðar bera ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins og ákvæði laga. **Sviðstjórar** bera ábyrgð á innkaupum stofnana sem undir þá heyra og **forstöðumenn stofnana** bera ábyrgð á innkaupum sinna stofnana í umboði **sviðsstjóra**.

## II. kafli

### Samningar og innkaupaaðferðir

#### 4. gr. Samningar og fjárhæðir

Meginreglan er sú að beitt skuli útboðum við innkaup þegar áætluð samningsfjárhæð, að meðtöldum virðisaukaskatti, fer yfir eftirtaldar fjárhæðir:

- Verklegar framkvæmdir: **20 milljónir** kr.
- Þjónustukaup: **10 milljónir** kr.
- Vörukaup: **5 milljónir** kr.

Heimilt er einnig að kaupa inn á grundvelli rammasamnings skv. reglunum sé upphæð innkaupa yfir ofangreindum fjárhæðum.

Þegar áætluð samningsfjárhæð er yfir viðmiðunarfjárhæð vegna opinberra innkaupa á EES svæðinu skv. reglugerð nr. 807/2007 skal viðhafa útboð á EES svæðinu með þeim áskilnaði sem getur um í lögum nr. 84/2007.

Við mat á áætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa miðað við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin birtist. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga sem boðið er út.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður með einum eða öðrum hætti til að lækka fjárhæð eða áætlaða fjárhæð innkaupa í þeim tilgangi að komast hjá útboði/verðfyrirspurn. Þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila og skipta eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar.

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

## 5. gr. Innkaupaaðferðir, mat á þörfum og skilgreining

Áður en ákvörðun um innkaup er tekin og samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónstu skal lagt mat á hvaða aðferð henti við innkaupin, m.t.t. eðlis og umfangs þeirra.

Ávallt skal greina þörfina fyrir innkaup áður en ákvörðun er tekin. Mikilvægt er að það sé gert í samráði við væntanlega notendur og að einnig sé kannað hvort þörfin verði uppfyllt eftir öðrum leiðum, s.s. með breyttu vinnulagi, endurnýtingu, þjónustu eða á annan hátt. Gæta þarf þess að skilgreina vel það sem kaupa skal, s.s. þau skilyrði sem vara, verk eða þjónusta á að uppfylla og setja þarf fram forsendur um gæði, umhverfisáhrif og líftímakostnað eins og kostur er.

Við innkaup Borgarbyggðar skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- Fyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Útboð, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Innkaup samkvæmt rammasamningi.
- Samningur eða pöntun án undangengins útboðs eða fyrirspurnar.

Við innkaup Borgarbyggðar er einnig heimilt, þar sem við getur átt, að beita eftirtöldum aðferðum:

- Samningskaupum að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum vegna hönnunarsamkeppni.
- Samninga um opinberar einkaframkvæmdir
- Sérleyfissamninga
- Samkeppnisviðræður

## 6. gr. Umsjón innkaupa

**Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins** hafa umboð til innkaupa. Sviðsstjórar og forstöðumenn stofnana ákveða hvaða starfsmenn þeirra hafa umboð til innkaupa og hve víðtækt umboðið sé, þ.e. til hvaða þátta og aðferða við innkaup það nái.

Forstöðumenn, eða þeirra starfsmenn sem þeir veita umboð, gera fyrirspurnir um verð og eiginleika vöru, verka og þjónustu fyrir viðkomandi stofnun, nema annað sé tekið fram.

Sviðsstjórar, eftir atvikum í samráði við forstöðumenn einstakra stofnana, hafa umsjón með forvali, útboðum og frágangi samninga á sínu verkswiði nema annað sé tekið fram.

**Innkauparáð** hefur umsjón með framkvæmd samkeppnisviðræðna, samningskaupa, hönnunarsamkeppna og annarra innkaupaaðferða, eftir atvikum í samráði við sveitarstjóra, sviðsstjóra og forstöðumenn stofnana.

Sveitarstjóri og eftir atvikum sveitarstjórn skulu staðfesta samninga sem gerðir eru um innkaup.

### **7.gr.**

#### **Stuðningur, eftirfylgni og samræming innkaupa**

Í innkauparáði sitja forstöðumaður umhverfis- og skipulagssviðs, fræðslustjóri og fjármálafulltrúi, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Innkauparáð hefur yfirumsjón með framkvæmd og samræmingu innkaupa og eflingu innkaupaþekkingar hjá sveitarfélaginu, auk þess sem það hefur eftirlit með að svið, deildir og stofnanir fylgi innkaupastefnu og –reglum sveitarfélagsins. Innkauparáð veitir aðstoð og er til ráðgjafar um innkaup sveitarfélagsins. Innkauparáð setur árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við innkaupastefnu Borgarbyggðar og skilgreinir mælikvarða til að meta árangur. Það fylgir markmiðum eftir og metur framkvæmd þeirra, auk þess sem ráðið sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga.

Forstöðumenn stofnana skulu fylgjast með innkaupum sinna stofnana. Sviðsstjórar skulu stuðla að og fylgjast með samræmingu innkaupa innan sinna sviða. Sviðsstjórar skulu, í samvinnu við innkauparáð, leitast við að samræma innkaup milli allra sviða og stofnana sveitarfélagsins og fylgjast með því að upplýsingar séu tiltækar um innkaup, m.a. svo hægt sé að fylgja skilgreindum mælikvörðum.

Fjármálafulltrúi sér um að tiltækar séu upplýsingar um heildarinnkaup, m.a. í samræmi við skilgreinda mælikvarða, og að þær berist innkauparáði, viðkomandi deildarstjórum, forstöðumönnum stofnana og öðrum eftir atvikum.

## **III. kafli**

### **Útboð, fyrirspurnir og aðrar innkaupaaðferðir**

#### **7. gr.**

##### **Opið útboð**

Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað, skal almennt viðhafa opið útboð.

#### **8. gr.**

##### **Lokað útboð**

Þegar opnu útboði verður ekki við komið, það þykir ekki hagkvæmur kostur eða aðrar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að viðhafa lokað útboð. Almennt skal lokað útboð ekki viðhaft nema að undangengnu forvali. Þegar lokað útboð er viðhaft skal leitast við að ná fram raunhæfri samkeppni og skal fjöldi þátttakenda taka mið af því.

Þegar um er að ræða vandasöm, faglega og/eða tímalega krefjandi og/eða fjárfrek verk skal tryggja eins og kostur er að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk. Sama gildir þegar um er að ræða kaup á þjónustu eða vöru.

## **9. gr. Forval**

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, hönnunarsamkeppni, samkeppnisviðræðum eða samningskaupum að undangenginni útboðsauglýsingu skal auglýsa tilkynningu um forval með áberandi hætti þannig að áhugasöm fyrirtæki geti tekið þátt í forvalinu. Í auglýsingu skulu koma fram nægilega miklar upplýsingar til að fyrirtæki geti tekið afstöðu til þess hvort þau hyggjast taka þátt í forvali og eftirfarandi útboði.

Í forvalsgögnum skal þess krafist að umsækjendur leggi fram upplýsingar sem sýna getu þeirra til að taka að sér verkefnið. Þannig skal í forvalsgögnum koma fram með skýrum og greinargóðum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum og hvernig verði staðið að vali á þátttakendum.

Hægt er að takmarka fjölda þátttakenda í útboði, samkeppni eða samningskaupum, t.d. þannig að í forvalsgögnum komi fram að aðeins umsækjendur sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fái að taka þátt í því eða að aðeins tiltekinn fjöldi fái þátttökurétt. Forsenda þessa er að nægilega margir þátttakendur hafi tekið þátt í forvali en fjöldi þátttakenda sem valdir eru skal ætíð vera nægilegur til að tryggja raunverulega samkeppni.

## **10. gr. Lokað útboð án forvals**

Viðhafa má lokað útboð meðal valdra bjóðenda, án forvals, enda liggi málefnalegar og gildar ástæður því að baki.

## **11. gr. Rammasamningar**

Rammasamninga skal gera í samræmi við innkaupaferlin sem mælt er fyrir um í þessum reglum. Í rammasamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningur tekur til, enda séu slík frávik tilgreind í útboðsgögnum.

Aðeins er heimilt að gera einstaka samninga á grundvelli rammasamnings við þau fyrirtæki sem upphaflega voru aðilar rammasamnings. Við gerð einstakra samninga á grundvelli rammasamnings er óheimilt að gera verulegar breytingar á skilmálum rammasamnings, einkum þegar um er að ræða rammasamning sem um ræðir í 4 mgr.

Gildistími rammasamnings má ekki vera lengri en fjögur ár nema í undantekningartilvikum sem helgast af málefnalegum ástæðum, einkum þeim sem tengjast efni rammasamningsins. Kaupanda er óheimilt að misnota rammasamning eða nota hann til að koma í veg fyrir, takmarka eða hindra samkeppni.

Ef skilmálar rammasamnings eru ákveðnir er heimilt að gera einstaka samninga við rammasamningshafa í samræmi við ákvæði rammasamnings. Ef skilmálar rammasamnings eru að einhverju leyti óákveðnir skal fara fram örútbod milli rammasamningshafa, eftir atvikum eftir að skilmálar eða tæknilegar kröfur hafa verið skýrðar nánar, allt í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a. Við gerð hvers einstaks samnings skal kaupandi ráðfæra sig skriflega við þá rammasamningshafa sem efnt gætu samninginn.
- b. Kaupandi skal ákveða tilboðsfrest sem er nægilega langur til að rammasamningshafar geti gert tilboð vegna þess samnings sem um er að ræða. Við mat á lengd frests skal taka tillit til hversu flókið efni samningsins er svo og sendingartíma.
- c. Tilboð rammasamningshafa skulu vera skrifleg og efni þeirra skal vera trúnaðarmál þar til tilboðsfrestur hefur runnið út.
- d. Kaupandi skal velja milli tilboða rammasamningshafa á grundvelli valforsenda sem fram hafa komið í skilmálum rammasamnings.

### 12. gr.

#### Samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu

Ef ekkert lögmætt tilboð berst í almennu eða lokuðu útboði eða samkeppnisviðræðum, öll tilboð eru óaðgengilega eða þátttakendum eða bjóðendum er vísað frá á grundvelli ákvæða IV. kafla, mat á tilboðum og samningsaðilum, er heimilt að viðhafa samningskaup að undangenginni útboðsauglýsingu, enda sé upphaflegum skilmálum útboðsins ekki breytt í verulegum atriðum.

Samningskaup að undangenginni opinberri birtingu útboðsauglýsingar eru einnig heimili í eftirfarandi tilvikum.

- a. Þegar ómögulegt er að áætla heildarkostnað fyrirfram vegna eðlis verks, þjónustu eða vöru eða áhættu samfara innkaupum sem gerir áætlun kostnaðar ómögulega.
- b. Þegar um er að ræða þjónustu, einkum þjónustu á sviði hugverka eða rannsókna og þróunar, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að skilgreina kröfur til hins keypta með það mikilli nákvæmni að mögulegt sé að gera upp á milli tilboða samkvæmt þeim reglum sem gilda í almennu eða lokuðu útboði.
- c. Þegar um er að ræða verk sem eingöngu eru unnin vegna rannsókna, tilrauna eða þróunar og ekki í ágóðaskyni eða til þess að mæta kostnaði vegna rannsókna og þróunarverkefna.

Að öðru leyti gildir ákvæði 32. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

### 13. gr.

#### Samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar

Samningskaup án opinberrar birtingar úboðsauglýsingar eru eingöngu heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þegar engin tilboð, engin gild tilboð eða engar tilkynningar um þátttöku berast vegna almenns eða lokaðs útboðs, enda sé í endanlegum samningi ekki vikið í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna.
- b. Þegar aðeins eitt fyrirtæki kemur til greina af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um lögverndaðan einkarétt er að ræða.
- c. Þegar innkaup eru algerlega nauðsynleg vegna aðkallandi neyðarástands sem stafar af ófyrirsjáanlegum atburðum og ekki er unnt að standa við fresti í almennu útboði, lokuðu útboði eða samningskaupum að undangenginni útboðsauglýsingu.

- Þær aðstæður sem vísað er til sem aðkallandi neyðarástands mega ekki undir neinum kringumstæðum vera á ábyrgð kaupanda.
- d. Þegar um er að ræða vörur sem eingöngu eru framleiddar vegna rannsókn, tilrauna, athugana eða þróunar. Þetta nær þó ekki til fjöldaframleiðslu sem ætlað er að skila hagnaði eða endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað.
  - e. Þegar um er að ræða innkaupá viðbótarvörum sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða eru aukning á venjulegum birgðum eða búnaði og val á nýjum bjóðanda mundi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu aðra tæknilega eiginleika og samræmdust illa eldri tæknubúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald. Slíkir samningar, svo og endurnýjaðir samningar, skulu að jafnaði ekki gilda lengur en þrjú ár.
  - f. Þegar um er að ræða vörur sem eru á sérlega góðum kjörum, annaðhvort frá seljanda sem er að hætta starfsemi eða frá skiptastjóra þrotabús eða fyrirtæki sem er í greiðslustöðvun eða nauðasamningum.
  - g. Þegar gera á samning eftir samkeppni um hönnun þar sem kveðið er á um að skylt væri að semja við þá þátttakendur, einn eða fleiri, sem sigruðu í keppninni. Ef um fleir sigurvegara er að ræða er skylt að bjóða öllum sem sigra í hönnunarsamkeppni að taka þátt í viðræðum.
  - h. Þegar um er að ræða viðbótarverk eða viðbótarþjónustu sem ekki var gert ráð fyrir í áður umsömdu verki og nauðsynlegt er, vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, að sami aðili sjái um, enda sé ekki unnt að skilja verkið eða þjónustuna frá áður umsömdu verki af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum án stórfelldra vandkvæða fyrir kaupanda. Sama á við ef viðbótarverk eða viðbótarþjónusta er óhjákvæmileg til að ljúka áður umsömdu verki eða þjónustu. Samanlegt verðgildi samning um viðbótarverk eða viðbótarþjónustu skal ekki nema hærri fjárhæð en helmingi af upphaflegri samningsfjárhæð.
  - i. Þegar um er að ræða verk eða þjónustu sem felur í sér endurtekningu á sambærilegu verki eða þjónustu og sami kaupandi hefur áður samið um við fyrirtæki í almennu eða lokuðu útboði, enda séu þessi verk eða þjónusta í samræmi við þá upprunalegu áætlun sem upphaflegi samningurinn kvað á um. Þegar útboð fer fram á grundvelli upprunalegrar áætlunar skal taka fram að þessari aðferð við innkaup kunnri að verða beitt og skal taka mið af áætluðum kostnaði við þessi verk eða þjónustu þegar viðmiðunarfjárhæð er reiknuð út. Þessari innkaupsaðferð má aðeins beita innan þriggja ára frá því að upphaflegur samningur var gerður.

#### **14. gr. Hönnunarsamkeppni**

Ákvæði þessarar greinar gilda um hönnunarsamkeppni þar sem samanlagt virði verðlauna og/eða annarra greiðslna til þátttakenda er yfir viðmiðunarfjárhæðum vegna þjónustukaupa skv. 4. gr.

Um tilhögun hönnunarsamkeppni gildir ákvæði 37. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007.

### **15. gr. Samkeppnisviðræður**

Þegar um er að ræða sérlega flókna samninga og kaupandi telur að notkun almenns eða lokaðs útboðs sé því til fyrirstöðu að unnt sé að gera samning er heimilt að beita ákvæðum þessarar greinar. Um “sérlega flókinn samning” í skilningi þessarar greinar er að ræða þegar ekki er mögulegt með hlutlægum hætti að skilgreina þau tæknilegu atrið sem fullnægt geta þörfum eða markmiðum kaupanda og /eða kaupandi getur ekki skilgreint lagalega eða fjárhagslega gerð framkvæmdar. Ákvörðun um gerð samnings skal eingöngu tekin á grundvelli forsendna fyrir vali fjárhagslega hagkvæmasta tilboðs.

### **16. gr. Auglýsing útboða**

Útboð skal auglýsa opinberlega, í blöðum og á vefsetri Borgarbyggðar. Í auglýsingu skal koma fram hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar, hver kaupandi er, hvað boðið er út, hver frestur er til að skila tilboði og skilatími þess sem verið er að bjóða út.

Við lokað útboð skal senda orðsendingu um útboðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., koma fram hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

### **17. gr. Útboðsgögn**

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út.

Í útboðsgögnum skal koma skýrt fram hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar vali á samningsaðila.

Í útboðsgögnum eða útboðsauglýsingu skal koma fram hvaða gagna er krafist um fjárhagsstöðu og tæknilega getu bjóðenda. Ekki skal krefjast frekari gagna þessu til sönnunar en nauðsynlegt er með hliðsjón af eðli og umfangi, mikilvægi eða ætlaðri notkun verks, þjónustu eða vöru.

Heimilt er að krefjast þess í útboðsgögnum að bjóðandi upplýsi hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og hvaða undirverktaka sá aðili hyggst nota. Upplýsingar bjóðanda um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart kaupanda.

Tilboði sem er í verulegum atriðum í ósamræmi við útboðsskilmála skal eigi tekið. Frávikstilboð eru heimil nema annað sé sérstaklega tekið fram. Aðeins frávikstilboð sem fullnægja lágmarkskröfum kaupanda samkvæmt útboðsgögnum er heimilt að taka til umfjöllunar.



### **18. gr. Fyrirspurnir**

Þegar ekki er viðhaft útboð eins og meginreglan í 1. mgr. 4. gr. kveður á um vegna innkaupa vöru, verka eða þjónustu skal formleg fyrirspurn almennt vera undanfari viðskipta þegar áætluð samningsfjárhæð, að meðtöldum virðisaukaskatti, fer yfir eftirtaldar fjárhæðir:

- Verklegar framkvæmdir: **10 - 20 milljónir kr.**
- Þjónustukaup: **5 - 10 milljónir kr.**
- Vörukaup: **2,5 - 5 milljónir kr.**

Fyrirspurn er framkvæmd, þar sem útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni.

Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með símbréfi og/eða tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Opnun tilboða/verðfyrirspurnar, á tilsettum opnunartíma, skal skráð af starfsmönnum. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði og tilboð annarra aðila.

**Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins ásamt innkauparáði** annast fyrirspurnir á vöru og þjónustu fyrir stofnanir, deildir og fyrirtæki Borgarbyggðar, nema annað sé ákveðið sbr. ákvæði 6. gr.

### **19. gr. Undanþága frá útboði og/eða verðfyrirspurn**

Heimilt er að veita undanþágu frá útboði og verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður fæst eingöngu hjá einum aðila.

Þeir sem undanþágu geta veitt eru **sveitarstjóri og sveitarstjórn**.

## **IV. kafli Mat á tilboðum og samningsaðilum**

### **20. gr. Mat og val á tilboðum/samningsaðilum**

Ætíð skal taka því tilboði sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu, lög og reglur. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á

grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Við gerð útboðsgagna skal taka mið af umhverfissjónarmiðum, m.a. líftímakostnaðar þar sem það á við.

Kaupandi skal meta tilboð á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs sem fram komu í upphaflegri útboðsauglýsingu eða skýringargögnum og skal velja hagkvæmasta. Kaupanda er heimilt að óska eftir því að sá þátttakandi sem átt hefur hagkvæmasta boð skýri atriði í tilboði sínu eða staðfesti tiltekna skuldbindingar sem þar hafa komið fram, enda leiði það ekki til þess að grundvallarþáttum í tilboðinu, eða útboðsauglýsingu, sé breytt þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

Leggja skal fram rökstuðning með tillögu um val á samningsaðila.

## 21. gr.

### Fjárhagsstaða bjóðenda/viðsemjenda og tæknileg geta

Fjárhagsstaða sem og tæknileg geta bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart sveitarfélaginu. Miðað er við þann tímapunkt þegar tilboðum hefur verið skilað og þau eru metin, nema um lokað útboð sé að ræða eða annað sé ákveðið.

Óheimilt er að gera samning við þann sem eftirfarandi á við um á opunardegi tilboða og fram til áætlaðs samningsdags:

1. Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
2. Er í vanskilum með opinber gjöld.
3. Er í vanskilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld eða iðgjöld til lífeyrissjóðs.
4. Hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningabætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum.

Kaupendur geta, eftir því sem við á, óskað eftir því að þátttakendur eða bjóðendur leggja fram gögn um ofangreind atriði. Heimilt er að kanna viðskiptasögu bjóðenda, þ.e. eigenda og helstu stjórnenda. Leiði sú könnun í ljós að eigandi eða fyrirtæki hans hafi lent í greiðslu- eða gjaldþroti sbr. 47. gr. laga um opinber innkaup, sl. fimm ár (gjaldprot, nauðasamninga, greiðslustöðvun o.fl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi í hlut samskonar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá opinberum samningi sem eftirfarandi á við um á opunardegi tilboða og fram til áætlaðs samningsdags:

1. Hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
2. Hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
3. Hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Heimilt er að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í útboðum.

Þegar um vörusamninga sem fela í sér ísetningu og uppsetningu, veitingu þjónustu og /eða framkvæmd verks er að ræða er heimilt að meta sérstaklega getu fyrirtækis til þess að

veita þjónustuna, sjá um uppsetninguna eða vinna verkið, einkum með hliðsjón af hæfni, skilvirkni, reynslu og áreiðanleika.

Fyrirtæki getur, eftir því sem við á og vegna gerðar tiltekins samnings, byggt á fjárhagslegri og/eða tæknilegri getur annarra aðila án tillits til lagalegra tengsla fyrirtækisins við þessa aðila. Ef þetta er gert skal fyrirtæki sýna kaupanda fram á að það muni hafa nauðsynlega fjármuni til ráðstöfunar og/eða aðgang að nauðsynlegri tækni, t.d. með þeim hætti að hlutaðeigandi fyrirtæki stofni sameiginlega sérstakt félag í þessu skyni.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefndatrygging liggur fyrir og samningur er frágenginn.

## **22. gr.**

### **Meðferð reikninga vegna innkaupa**

Í skriflegum samningum um innkaup á verkum, vöru eða þjónustu skal skýrt kveðið á um reikningagerð og greiðslutilhögun.

## **V. kafli**

### **Almenn ákvæði**

## **23. gr.**

### **Ábyrgð á því að farið sé að reglum um innkaup**

Ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við reglur Borgarbyggðar er í höndum sviðsstjóra og forsöðumanna stofnana.

## **24. gr.**

### **Hæfis- og siðareglur**

Enginn starfsmaður Borgarbyggðar eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum Borgarbyggðar má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans sbr. hæfisreglur í 3. gr. stjórnarsýslulaga.

Starfsmönnum Borgarbyggðar og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnunum á vegum Borgarbyggðar er óheimilt að þiggja boðsferðir og gjafir sem tengjast viðskiptum við Borgarbyggð nema með samþykki sveitarstjóra.

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmuna eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls.

## **25. gr.**

### **Tengdir aðilar**

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig hér undir ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber sveitarstjóri ábyrgð á að uppfæra skrána.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða, s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 24. gr. um hæfis- og siðareglur.

### **26. gr.**

#### **Kæru- og endurupptökuheimild**

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. 10. gr. og IX. kafla laganna, er aðila heimilt að kæra til kærunefndar útboðsmála. Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan fjögurra vikna frá því að kærandi vissi eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Alltaf er þó heimilt að bera kæru undir kærunefnd útboðsmála innan 15 daga frá því að rökstuðningur skv. 75. gr. er veittur.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á sér hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála Borgarbyggðar sé ábótavant, er aðila heimilt að óska eftir endurupptöku máls ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina skriflega til sveitarstjórnar innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

### **27. gr.**

#### **Gildistaka og endurskoðun**

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn 12. maí 2011.

Fjárhæðir skv. reglum þessum skal endurskoða ár hvert.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 14.1.2016